

Körlum er nauðgað í alla enda undir niðri

Bettina Arndt er ötull andstæðingur kvenfrelsunarofbeldisins gegn körlum. Nýlega skrifaði hún grein um svikamylluna í kringum peningasöfnun, tengda samkeppninni um virðulegasta yfirvaraskeggið.

Eins og flestum ætti að vera ljóst – en er það hugsanlega ekki – er miklu meiri fjármunum varið til heilbrigðisþjónustu við konur en karla. Ofangreindri peningasöfnun er ætlað að bæta úr því.

En, en! Í Ástralíu stendur til að nota fjármunina til að „aðstoða unga karla og stráklinga til að temja sér holla siði í nánum samböndum í því skyni að stemma stigu við kynbundnu (gender-based) ofbeldi.“ Um er að ræða, 3.2 milljónir dala.

Það er ekki kyn, að Bettina spyrji? „Hvernig ætli karlar í Ástralíu rísi úr rekkju á hverjum morgni? Ég get ekki ímyndað mér, hvernig þeir rísa undir látlausum óhróðri og sviksemi stjórnvalda?“

Og hvernig ætli úngum drengjum líði við þetta stöðuga illkvittnibergmál um okkur, "ófullkomnu konurnar," sem brýna nauðsyn ber til að fækka.

Það er í þessu sambandi kuldaleg staðreynd – samkvæmt áströlsku hagstofunni – að sambandsslit eru talin ein helsta orsök sjálfsvíga karla. Og þau eru margfalt fleiri en kvenna. Það er heldur ekkert leyndarmál, að margir þeirra þjást vegna skerðingar tengsla við börnin eða jafnvel tengslarofs. Oftast eru það konur, sem taka frumkvæði að sambandsslitum.

Samtímis nefndum peningastuldi veitir ástralska ríkisstjórnin 3.4 milljörðum dala til stríðsins gegn körlum. Það er dulbúið sem fjárveiting til „kvennaöryggis“ (women's safety). Það dugar ekki til, segja ófullnægðir kvenfrelsarar.

Allar konur eru ekki kvenfrelsarar eins og sést m.a. af því, að félagsskapurinn, „Mæður sona,“ berst einbeittur fyrir réttarfarslegu réttlæti fyrir karla, sem lent hafa í hinni svikamyllunni, fölskum ákærum og kvenhollu dómskerfi.

Ofbeldisiðnaðurinn í Ástralíu blómstrar eins og á Íslandi. Það er ekki ýkja langt síðan Katrín Jakobsdóttir og stjórn hennar stofnaði kvennaathvarf á Akureyri til að efla atvinnu á staðnum – að sögn.

Allir stjórnflokkarnir aðhyllast kvenfrelsun. Meira að segja Bjarni Ben II segir hugmyndafræði kvenfrelsara leiðarljós við allar ákvarðanatökur Kristilega jafnaðarmannaflokksins.

Undir stjórn Framsóknarflokksins tóku Íslendingar 2015 forystu á alþjóðavettvangi í kvenfrelsunarmálum (auglýst sem jafnrétti). Þá hélt utanríkismálaráðherra, Gunnar Bragi Sveinsson, hina frægu rakarastofuráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Kvenfrelsunarástríðu Vinstri-grænna þarf varla að fjölyrða um.

<https://vb.is/frettir/gunnar-bragi-rakarastofuradstefnu/>

https://bettinaarndt.substack.com/p/movember-is-a-fake?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=147984407&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email